

Svar

félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn frá Kristjáni L. Möller
um rekstur Hlíðarskóla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvers vegna er ekki gerður þjónustusamningur við Akureyrarbæ um rekstur Hlíðarskóla?

Vísað er í svar mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn þingmannsins þar sem spurt er um Hlíðarskóla og stuðning við verkefni grunnskóla (þingskjal 811, 398. mál). Fram kemur í svari ráðherra að frá árinu 2009 hafi skólinn fengið árlega úthlutað 12 millj. kr. af fjárlögum. Framlagið var síðan fellt niður í frumvarpi til fjárlaga 2015. Ástæða þess að framlagið var fellt niður var að mati ráðuneytisins sú að það væri ekki hlutverk þess að veita fjárstuðning til meðferðarræðis við skóla á grunnskólastigi, þ.e. í ljósi laga um grunnskóla, nr. 91/2008.

Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur ekki stutt þjónustu grunnskóla með sérstökum framlögum né gert við þá þjónustusamninga enda fellur slíkt ekki að hlutverki hans í velferðarráðuneytinu. Ráðuneytið hefur þó með óbeinum hætti stutt þjónustu grunnskóla um land allt með sérstöku styrktarframlagi til ART-þjálfunaraðferðarinnar (Aggression Replacement Training) undanfarin ár. Fjárheimildin var tímabundin og var framlag velferðarráðuneytisins árið 2015 27 millj. kr.